

BORGARRÁÐ 8. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um reglulega fundi með þingmönnum - R18110059

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela borgarstjóra að fara þess á leit við formenn flokka á Alþingi að skipulagðir verði tveir fundir á ári þar sem oddvitar flokka borgarstjórnar og formenn flokka Alþingis hittast til að ræða málefni sem eru sameiginleg ríki og borg.

Greinargerð:

Það eru fjölmörg mál sem eru sameiginleg ríki og höfuðborg og sem einungis verða leyst með sameiginlegri ákvörðun ríkis og borgar. Sum mála sem eru á borði beggja kerfa eru brýn á meðan önnur eru meira langtímamál og enn önnur eru þessleg að þau krefjast mikillar vinnu og tíma. Með því að setja á fasta fundi þar sem formenn þingflokka og oddvitar borgarstjórnarflokka koma saman til að fara yfir þessi sameiginlegu mál má ætla að heildarsýn yfir komandi verkefni verði meiri en ella og auknar líkur verði á faglegum og markvissum vinnubrögðum. Með því að oddvitar/formenn allra flokka taki þátt í samtalinu minnka líkurnar á að stefnubreyting verði við stjórnarskipti jafnt hjá ríki og borg.